

Bæjarstjórn Garðabæjar
Bæjarstjóri Garðabæjar, Gunnar Einarsson
Bæjarritari; Guðjón Erling Friðriksson
Skipulagsstjóri; Arinbjörn Vilhjálmsson

Garðabæ 10. Júní 2021

Með vísan í mál nr 2105322 og svarbréf ykkar undirritað af Guðjóni Erling Friðrikssyni, dagsett 2. júní 2021, við athugasemdum mínum sem teknar voru fyrir á fundi bæjarráðs þann 25. maí sl. vil ég fá að gera nokkrar athugasemdir.

Fyrst og fremst vil ég þakka skjót, góð og ítarleg svör. Það er alltaf gott að finna að það sé hlustað á íbúana og athugasemdir þeirra skoðaðar.

En örfá atriði;

í kaflanum; **Almennt um skipulagsmál og uppbyggingu.** Fyrstu málsgrein, neðsta lína þar stendur; *Deiliskipulag fyrir Norðurnes á Álftanesi er nú í vinnslu.*

1. Ég spyr, eru það eðlileg vinnubrögð að byrja á að undirbúa í þessu tilviki golfvöll þegar ekki liggur fyrir samþykkt deiluskipulag og ekki hefur verið keypt upp það land sem á að fara undir nýtt deiliskipulag?

Í annarri málsgrein stendur; *Skipulagslýsing og forkynning á skipulagssvæði Norðurness hafi verið auglýst og kynnt en forkynning stóð yfir frá 11. Júní til og með 31. ágúst 2020.*

2. Þykja það góð vinnubrögð að fara í kynningu á skipulagi yfir hásumarleyfistímann þegar ljós er að erfitt verður að ná til allra hluteigandi?

Neðar í sömu málsgrein; *Auglýsingar voru birtar í Fréttablaðinu, Lögbirtingablaðinu og Garðapóstinum auk þess sem íbúafundurinn var augðlýstur á vef Garðabæjar og Facebook síðu sveitarfélagsins.*

Ég ítreka fyrri gagnrýni mína á augýsingar og minni aftur á upplýsingaskyldu sveitarfélagsins. Norðurnes Álftaness er líklega eina hverfi Garðabæjar sem fær EKKI Fréttablaðið, Norðurnesið er líklega eina hverfið sem fær EKKI Garðapóstin. Eftir stendur að okkur er ætlað að lesa Lögbirtingablaðið sem er löngu hætt að koma út á pappir og fylgjast með vef og Facebook síðu Garðabæjar umfram aðra Garðbæinga.

3. Þar sem bæjarstjórn veit nú af því hversu afskipt við erum, þessi örfáu hús þá ætti ekki að vera erfitt að láta stínga nokkrum eintökum af Garðapóstinum í póst og senda til okkar. Þar með mynduð þið fullnægja upplýsingaskyldunni. Eða hreinlega senda íbúum á Norðurnesi póst um skipulagsmálin hér á Norðurnesinu. Bara ódýr uppástunga.

Í kaflanum **Efnislosun við Norðurnesveg.** Í annarri málsgrein í skáletruðum texta segir; Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að veita framkvæmdaleyfi samkvæmt 13. Skipulagslaga fyrir efnislosun í Glerhallardýi Það er ákvörðun skipulagsnefndar að

framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.....Það er því í verkahring sveitarfélagsins að taka ákvörðun um matsskyldu.

Hér langar mig að benda á skýrslu sem Garðabær lét vinna fyrir sig árið 2014 en í henni kemur ítrekað fram hve viðkvæmt það svæði er sem nú er verðið að losa á.

„Stór, óbyggð svæði eins og Bessastaðanes, Gálgahraun, Garðaholt og Álamýri, Holtið norðan Skógtjarnar og víða umhverfis Bessastaðatjörn, eru mikilvæg varplönd fyrir þúsundir fugla. Bessastaðanes er afar mikilvægt svæði fyrir mófugla, þar sem þeir þrífast í skjóli friðunar æðarvarpsins. Mjög varlega verður að fara í að opna það svæði fyrir umferð og Holtið norðan Skógtjarnar er sérstaklega viðkvæmt. Til að fuglalíf megi dafna sem best ber að forðast að raska ósnortnum svæðum með jarðvegsfyllingu, eins og gert hefur verið á sendnum svæðum, t.d. á Hliði, á sjávarbökkum, bæði við Gesthús og Kasthúsatjörn og nýlega á Breiðabólsstaðeyri. Á þessu stöðum hafa fuglar eins og sandlóa átt undir högg að sækja (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004)“.

„Mýrar sem mætti endurheimta eru: Dysjamýri, Garðamýri, Álamýri, svæðið sunnan og austan Kasthúsatjarnar; Skansmýri, Litlamýri, mýrin í Músavík og Kringlumýri í Bessastaðanesi. Einhverjir skurður eru á svæðinu við norðanverða Bessastaðatjörn, en spurning hvort þeir hafi enn framræsluáhrif. Mýrlendi sunnan og austan Kasthúsatjarnar væri æskilegt að friða fyrir beit“

[Útgefið efni um umhverfismál | Umhverfismál | Garðabær \(gardabaer.is\)](#)
[Microsoft Word - Álftanes skýrsla2014.doc \(gardabaer.is\)](#)

Eftir þennan lestur á skýrslunni sem Garðabær lét vinna árið 2014 er ekki laust við að manni þykji öll deiliskipulagsvinna sem nú liggur fyrir vera í andstöðu við niðurstöðu skýrslunnar.

4. Það hefði átt að vera mikill vafi meðal bæjarstjórnar Garðabæjar hvort það væri í verkahring sveitarfélagsins að taka ákvörðun um matsskyldu og í ljósi vafans hefði bærinn á að óska eftir umhverfismati. Því spyr ég, kom aldrei upp sú spurning að fara í umhverfismat?

Í þriðju málsgrein þriðju línu er talað um skilti og að þau verið komin upp á næstu dögum. Upplýsingaskilti um framkvæmdir eiga auðvitað að vera komin upp þegar framkvæmdir hefjast, ekki mörgum mánuðum eftir að þær hefjast. Ekki er nóg að setja inn á vefinn þar sem fólk þarf að leita eftir upplýsingunum á vefnum.

Það sem þið hafið staðið ykkur vel með að gera, - eða verktakinn er að sópa vegina í lok dags og sérstaklega í lok vikunnar. Það kunnum við, fólkið vel að meta því yfir hádaginn vilja veginir verða ansi moldugir og þá er gott að vita til þess að þeir verða sópaðir í lok dags.

Fjórða málsgrein: Eftirlitsaðilar eru Hnit verkfræðistofa og AVR ehf. Ég hef áhuga á því að sjá gögn frá þeim og hvernig þeir sinna eftirlitsskyldu sinni. Ég býst við að þau gögn verði aðgengileg.

Í kaflanum, **Skipulagsvinna á Norðurnesi** hér vísa ég aftur í það sem ég skrifaði hér að ofan;

Skipulagslýsing og forkynning á skipulagssvæði Norðurness hafi verið auglýst og kynnt en forkynning stóð yfir frá 11. Júní til og með 31. ágúst 2020.

- Þykja það góð vinnubrögð að fara í kynningu á skipulagi yfir hásumarleyfistímann þegar ljós er að erfitt verður að ná til allra hluteigandi?

Neðar í sömu málsgrein; *Auglýsingar voru birtar í Fréttablaðinu, Lögbirtingablaðinu og Garðapóstinum auk þess sem íbúafundurinn var augðlýstur á vef Garðabæjar og Facebook síðu sveitarfélagsins.*

Ég ítreka fyrri gagnrýni mína á augýsingar og minni aftur á upplýsingaskyldu sveitarfélagsins. Norðurnes Álfтанess er líklega eina hverfi Garðabæjar sem fær EKKI Fréttablaðið, Norðurnesið er líklega eina hverfið sem fær EKKI Garðapóstin. Eftir stendur að okkur er ætlað að lesa Lögbirtingablaðið sem er löngu hætt að koma út á pappir og fylgjast með vef og Facebook síðu Garðabæjar umfram aðra Garðbæinga.

- Þar sem bæjarstjórn veit nú af því hversu afskipt við erum, þessi örfáu hús þá ætti ekki að vera erfitt að láta stinga nokkrum eintökum af Garðapóstinum í póst og senda til okkar. Þar með mynduð þið fullnægja upplýsingaskyldunni. Eða hreinlega senda íbúum á Norðurnesi póst um skipulagsmálin hér á Norðurnesinu. Bara ódýr uppástunga.

Í þriðju málsgrein segir; **varðandi hæð hús og annað sem snýr að skipulagstillögu Norðurness bendum við ykkur á að senda inn formlegar athugasemdir þegar tillagan verður auglýst en áætlað er að það verði í haust.**

- Hvernig stendur á því að ekki er hægt að taka þessar athugasemdir okkar hjóna og senda þær inn á borð hjá skipulagsstjóra? Er hætta á að þær týnist?
- Ég fer fram á það að mínar athugasemdir verði teknar til greina þó ég sendi þær inn núna. Hæð húsa við áður nefnda götu sem til leggur að leggja milli Fálkastígs og Jörfavegar er allt of há. Hús við Fálkastíg eru flest bara um 4,5 metrar að hæð ofan á 5,2 metra púða en hús við nýju götuna sem verður samhliða Fálkastíg mega að vera allt 8 metra há, það verður því 13 metra veggur sem rís fyrir framam húsin við Fálkastíg þar sem ekkert er núna nema gömul skemma og hestar á beit. Að láta þessi hús taka mið af húsum við Blikastíg á alls ekki við þar sem þær götur koma alls ekki til með að liggja saman.
- Ég fer fram á að þetta verði tekið til greina núna, en að ég þurfi ekki að vera á nálum með það hvort ég sé auglýsinu frá ykkur eða hvort ég muni eftir að fara inn á netsíðuna ykkar alla daga. Ef það vantar eitthvað upp á að þetta sé nógu formlegt þá vinsamlegast sendið mér rétta formið.

Í fjórðu málsgrein segir; Gert er ráð fyrir að auglýsing og kynning á deiliskipulagi Norðurness verði kynnt í haust.....Gera má ráð fyrir að haldinn verði kynningarfundur á tillögunni þegar hún verður auglýst sem tillaga að nýju skipulagi.

10. Ég óska eftir því að þið auglýsið og kynnið deiliskipulagið og haldið kynningarfundinn. Þegar sagt er; Gera má ráð fyrir hljómar það eins og að þið gerið alveg eins ráð fyrir því að sleppa því.

Varðandi skipulag íbúarbyggðar á Norðurnesi vil ég ítreka niðurstöðu skýrslunnar sem Garðabær lét vinna fyrir sig árið 2014. Besta sem er gert fyrir Norðurnesið, umhverfið, náttúruna, tjarnirnar, fjöruna, fuglalífið og mannlífið er að sleppa allri frekari íbúðabyggð og stuðla að því að hér verði áfram einstök náttúruperla.

Svo vitnað sé í lokaorð skýrslunnar;

„Sérstaða Álftaness sem byggðar liggur í hinum nánú tengslum mannfélagsins við náttúruna og allt framtíðarskipulag hlýtur að miða að því að viðhalda þessum tengslum; fólk, fuglar og fjaran ásamt tjörnum og óbyggðum, óræktuðum svæðum. Túnin eru einnig mjög mikilvæg, sérstaklega fyrir margæsina, sem er tákn vorsins á Álftanesi. Það verður því að viðhalda þeim ef menn telja æskilegt að halda í þann fjölda margæsa sem kemur við á vorin. Álftanesið er mikil náttúruperla, þar eru mörg svæði sem hafa hátt verndargildi, það verður að stíga varlega til jarðar við allt skipulag og framkvæmdir. Það liggur beinast við, eftir sameiningu sveitarfélaga, að ljúka friðlýsingarferli fjörunnar (Skerjafjörður), frá Skógtjörn að Lambhúsatjörn. Jafnframt að friðlýsa ófriðaða hluta Kasthúsatjarnar, Breiðabólstaðatjörn og Bessastaðatjörn ásamt bökkum. Skoða þarf hvernig málum helstu óbyggðra svæða verður best háttað fyrir fugla og fólk í framtíðinni“.

[Útgefið efni um umhverfismál | Umhverfismál | Garðabær \(gardabaer.is\)](#)

[Microsoft Word - Álftanes_skýrsla2014.doc \(gardabaer.is\)](#)

Svo óska ég ykkur góðs gengis.

Bestu kveðjur

Sigríður Arna Arnþórsdóttir

Sævar Siggeirsson

Fálkastíg 8

Álftanesi

Garðabæ